

KIRKJUGARÐARÁÐ


139. fundur haldinn mánudaginn 13. mars 2017 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem sat fundinn undir lið 1 - 3. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Agnes Stefánsdóttir varamaður KHS sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Rúnar Leifsson minjavörður Norðurlands eystra sat fundinn undir lið 2. Oddur Einarsson framkvæmdastjóri Kirkjuráðs sat fund undir lið 3 og 4. Sigurbjörg N. Hansen fjármálastjóri sat fundinn undir lið 5.

1. Setning fundar
Fundur settur kl. 14:10. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt með smávægilegum breytingum.
2. Drög að verklagsreglum vegna jarðsetningar í forna kirkjugarða.
Rúnar Leifsson minjavörður kynnti drögin. Bent á að skoða þurfi heimagrafreiti í þessu samhengi.
3. Staðan varðandi hugmyndir að stefna ríkinu vegna vanefnda á greiðslum úr ríkissjóði til sókna.
Framkvæmdastjóri kirkjuráðs gerði grein fyrir þessum lið. Ekki er talið ráðlegt að hefja málssókn vegna meintra vanefnda ríkisins vegna sammings ríkisins og kirkjugarðaráðs að svo stöddu.
4. Útreikningar innanríkisráðuneytisins á uppsöfnuðum hagræðingarkröfum vegna kirkjugarða.
Framkvæmdastjóri kirkjuráðs gerði grein hvernig staðið var að útreikningunum.
(sjá súlurit)

06733 - Kirkjugarðar Uppsöfnuð hagræðingarkrafa



5. Útreikningar á kostnaðarhlutdeild kirkjugarðasjóðs vegna þjónustu Biskupsstofu.
Sigurbjörg N. Hansen fjármálastjóri kynnti. Næsta skref er að gera þjónustusamning við Kirkjuráð vegna Kirkjumálasjóðs.
6. Beiðni um umsögn Kirkjugarðaráðs vegna Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030.
Guðmundur Rafn og Smári gerðu grein fyrir málinu. Verið að taka upp nýjan garð í Naustaborgum. Guðmundur Rafn svarar erindinu.
7. Næsti fundur
Næsti fundur verður haldinn 8. maí kl. 14:00
8. Önnur mál
Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 16:30.

Ragnhildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari